

Hugmyndabanki

Tillögur að viðburðum og verkefnum í Viku 17



VIKA17

Hvað er Vika 17?

Vika 17 er alþjóðleg vika heimsmarkmiðanna á bókasöfnum, en hún fer fram í 17. viku ársins. Í tilefni vikunnar eru ýmsir viðburðir tengdir heimsmarkmiðunum á dagskrá bókasafna vítt og breitt um landið. Það geta t.a.m. verið skiptimarkaðir, smiðjur, fræðsla og bókaútstillingar. Allt sem tengist heimsmarkmiðunum á einhvern hátt á heima í Viku 17.

Vika 17 hittir yfirleitt á Sumardaginn fyrsta hér á landi og er bókasöfnum velkomið að teygja dagskrána í vikuna á undan eða á eftir ef það hentar betur.

Verkefnið á uppruna sinn að rekja til Danmerkur en er í dag taka hátt í 200 bókasöfn frá 10 mismunandi löndum þátt. Markmiðið er að vekja athygli á heimsmarkmiðunum 17 með fjölbreyttum viðburðum og sýna að við getum öll lagt okkar af mörkum.

Hvað þarf ég að gera til þess að taka þátt?

- vera með að minnsta kosti einn viðburð sem tengist heimsmarkmiðunum á einhvern hátt og merkja hann með Viku 17 logo-inu
- Senda póst á hronnb@amtsbok.is til þess að láta vita að þitt bókasafn ætli að taka þátt.

Hver get ég fundið frekari upplýsingar?

Á vef Upplýsingar má finna lista yfir bækur sem hægt er að stilla út í tilefni vikunnar. Þar er einnig hægt að hlaða niður logo-i Viku 17, efni fyrir samfélagsmiðla og verkefnablöðum.




Matur

- **Samfélagsmatarboð** Til dæmis Pálínuboð eða að elda saman ef aðstaðan býður upp á það.
- **Diskósúpa** fá gefins grænmeti á síðasta séns frá matvöruverslunum og skella í dýrindis grænmetissúpu fyrir gesti og gangandi. Athuga með samstarf við *Slow food Ísland*
- „**Fríbúð**“ með mat. Hafa samband við verslanir og fá matvæli á síðasta séns. *Andrými* hefur verið slíka viðburði.
- **Fræðsla um matjurtarækt við íslenskar aðstæður**
- **Afgangafræðsla** og deila afgangauppskriftum - tilvalið að gera á samfélagsmiðlum.
- **Hvaðan kemur máltíðin þín** - fylla út á heimskorti hvaðan matvælin á disknum koma (tilbúið eyðublað á vef Upplýsingar)
- **Slow food hreyfingin** - fræðsla, Vika 17 er í samstarfi við Slow food hreyfinguna á Íslandi og aðilar innan hennar tilbúnir að koma og halda fræðsluerindi í flestum landshlutum.
- Útbúa **áskorun** tengda mat. Til dæmis um afgranganýtingu, að kaupa umbúðalaust eða að borða meira grænmeti.
- **Matarsögustund** lesa sögu tengda mat og bjóða upp á grænmeti og ávexti - ræða við krakkana hvaðan þessi matur kemur. Tillaga að föndri: búa til “matardisk” og merkja hvaðan matvælin koma.



Föndur úr gömlum bókum og tímaritum

- Veifugerð
- Origami
- Ljóðmyrkvi blaðsíður úr gömlum bókum - ljóð búin til með því að strika yfir orð og láta orðin sem eftir standa mynda ljóð. Hægt að hafa þema tengt vikunni.
- Klippimyndalistaverk eða markmiðaspjald (e. vision board) úr gömlum tímaritum. Hægt að hafa þema tengt vikunni.





Smiðjur

- **Kaffiskrúbbssgerð**
- Sauma **taupoka** úr gömlu **stuttermabolum**
- **Föndur** úr endurnýtanlegum efnivið - t.a.m. morgunkornspakkar, könglar, klósettpappírsrúllur.
- **Strandhreinsun** og/eða **plokk** og svo **listasmiðja** úr ruslinu sem er tínt.
- **Lego Build the Change** vinnustofa þar sem legokubbar eru notaðir til þess að hanna sjálfbæra framtíð. Allar upplýsingar er að finna á <https://www.lego.com/en-us/sustainability/children/build-the-change>
- **Barbieföt** úr gömlum **sokkum** götóttir og stakir sokkar í barnastærðum eru frábær efniviður í barbieföt, einnig hægt að bóka til barbiebækur og tímarit úr gömlum bókum.
- **Fuglahús** úr **mjólkurfernum** gera dyr og skreyta fernurnar. Setja svo fuglafóður í húsin og hengja upp í tré.



Skiptimarkaðir

- Fatnaður
- Leikföng
- Veisluskraut
- Plöntur
- Eldhúsáhöld og borðbúnaður
- Spil
- Púsl




Ræktun

- **sá fræjum í endurnýtt ílát** - eggjabakkar, klósettpappírsrúllur, mjólkurfernur, skyrdollur ofl. *mála og skreyta ílátin.*
- Fræðsla um **moltugerð eða bokashi**
- Fræðsla um **kryddjurta- og matjurtaræktun á gluggasyllunni.**
- Fræðsla um **vorverkin í garðinum**
- **Fræsafn** þar sem fólk getur bæði komið með og fengið fræ.
Gott að vera með lítil origami umslög undir fræin svo fólk taki ekki heila fræpakka.



Viðgerðir

- **Reddingakaffi** eru samtök sjálfboðaliða sem hittast og gera við hluti. Þarna gæti verið grundvöllur fyrir samstarfi. Þið getið fundið þau á Facebook.
- **Make-a-thek** skapandi fataviðgerðir, nánari upplýsingar má finna á vef Borgarbókasafns.
- **Yfirfara hjólið fyrir vorið** það má t.d. athuga með samstarf við Dr. Bæk.
- **Hefðbundnar fataviðgerðir** t.d. setja bætur á götóttar flíkur, stoppa í sokka, skipta um teygjur á pollagöllum.



Umhverfismál

- **Plokkbingó** tilbúið eyðblað aðgengilegt á vef Upplýsingar.
- **Náttúrubingó** eins og plokkbingó nema í hverjum reit eru hlutir sem hægt er að sjá í náttúrunni. T.a.m. fugl, steinn, laufblað. Til margar tilbúna útgáfur á netinu - bara passa að það henti árstímanum.
- **Umhverfisofurhetjan** verkefni frá Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs þar sem börn eiga að leysa fimm umhverfistengd verkefni.
- **Strandhreinsun** fjöruferð að tína rusl, skoða lífríkið og gott að hafa með nesti.

Lýðræði

- **Umræður, verkefni eða fræðsla** hvernig er farið að því að knýja fram breytingar. Hvernig hefur þú áhrif? Hægt að sníða bæði að börnum og fullorðnum.

Almennt

- **Bókaútsellingar** tillögur að bókum má finna á bókalista á síðu Upplýsingar.
- **Samvinna um heimsmarkmiðin** tilbúið eyðublað með verkefnum sem börn og fjölskyldur geta gert til að vinna að heimsmarkmiðunum.
- Samvinna við **fólk í nærsamfélaginu**. Það er fullt af fólki að gera frábæra hluti sem tengjast sjálfbærni - bjóðið þeim aðstöðu og vettvang til þess að miðla þekkingu sinni.
- **Gönguferðir** skipulagðar frá bókasafninu. Sögugöngur, fræðslugöngur eða heilsubótargöngur - allar göngur eru af hinu góða.
- **Samfélagsmiðlar** deila því sem bókasafnið er að gera sem vinnur að heimsmarkmiðunum. Eitthvað af samfélagsmiðlaefni er tilbúið til notkunar en eins má gera sína eigin og nota þau logo sem eru aðgengileg á síðu Upplýsingar.

